

## Tilmæli 4/2020

Fyrri skjalsnúmer	A 1763/holdbart
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Nefndarálit um þingmannatillögu um rannsókn á súrnun sjávar (A 1763/ holdbart)

**Rannsókn á súrnun sjávar**

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 19. ágúst 2020 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að eiga frumkvæði að því að efla norrænt samstarf um að varpa ljósi á súrnun hafsins og vistkerfa þess og hugsanlegar afleiðingar súrnunarinnar á lífskjör íbúa strandbyggða á Norðurlöndum, og að fé verði ráðstafað í fjárhagsáætlunum í þessu skyni

að láta vinna markvissa aðgerðaáætlun til langs tíma vegna súrnunar hafsins, sem styðji við samfellda öflun þekkingar um líffræðilegar, vistfræðilegar og félags- og efnahagslegar afleiðingar súrnunar hafsins, ásamt tillögum vegna aðlögunar sjávarútvegsins og forvarna gegn afleiðingum súrnunar sjávar fyrir afkomu sjávarútvegs og nærsamfélaga

Kaupmannahöfn, 21. ágúst 2020

*Silja Dögg Gunnarsdóttir*

Forseti Norðurlandaráðs

*Britt Bohlin*

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs